Nr. 3.
12.
jan.

Lög

um

horfelli á skepnum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Skylt skal hreppstjórum og hreppsnefndum að hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa sína til, að hafa viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fjenaði þeim, er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla.

2. grein.

Ef maður lætur fjenað þann, sem hann hefur undir hendi, verða horaðan eða horfalla fyrir illa hirðing eða fóðurskort, en meðferð þessi verður þó eigi heimfærð undir 299. gr. hinna almennu hegningalaga, þá varðar það sektum til sveitarsjóðs, allt að 20 kr., og skal með slík mál fara sem opinber lögreglumál.

3. grein.

Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert brýna fyrir mönnum að hegða sjer eptir lögum þessum, og grennslast eptir, hvort eigi hafi verið framið brot gegn þeim.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 12. janúar 1884.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 3.
12te
Januar.

angaaende

Kreaturers Død af Magerhed.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Repstyrerne og Repsforstanderskaberne ere pligtige at føre Tilsyn med at Repsbeboerne have tilfredsstillende Huse og tilstrækkeligt Foder til de Kreaturer, som de holde om Vinteren, og opfordre dem hertil; samtidig skulle de foreholde dem det Ansvar, de kunne paadrage sig ved at lade deres Kreaturer udmagres eller dø af Fodermangel.

§ 2.

Hvis Nogen lader de Kreaturer, som han har i sin Varetægt blive udmagrede eller dø af Magerhed formedelst slet Pasning eller Fodermangel, uden at dette Forhold kan henføres under § 299 i den almindelige Straffelov, anses han med Bøder til Fattigkassen af indtil 20 Kr.; saadanne Sager behandles som offentlige Politisager.

§ 3.

Paa de aarlige Mandtalsthing har Sysselmanden at indskjærpe denne Lovs Efterlevelse og eftergranske, om Overtrædelser af den ikke have fundet Sted.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 12te Januar 1884.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.